



Stjórn Faxaflóahafna
Gísli Gíslason hafnarstjóri
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Efni: Ályktun aðalfundar Umhverfisstjórnarinnar við Hvalfjörð 2016

Aðalfundur Umhverfisstjórnarinnar við Hvalfjörð, haldinn í Garðakaffi á Akranesi, sunnudaginn 14. febrúar 2016, skorar á stjórn Faxaflóahafna að snúa sé að öðrum og uppbyggilegri verkefnum en mengandi iðnaði í Hvalfirði, sem orðið hefur tekjulind fyrir eigendur Faxaflóahafna, einkum Reykjavíkurborg. Aðalfundurinn hafnar því að tilraunaverkefni Silicor Materials verði komið fyrir í Hvalfirði. Jafnframt hvetur aðalfundurinn stjórn Faxaflóahafna til þess að leggjast í nákvæma skoðun á fyrirbærinu „grænn iðnaður“ og hafa hugfast að þungaiðnaður getur aldrei orðið „grænn.“

Með kveðju,

Stjórn Umhverfisstjórnarinnar við Hvalfjörð

Ragnheiður Þórgunnardóttir

*Þórunn Jónsdóttir
Guðbjörg A. Johannsdóttir
E. Jónsson*

Þórunn Jónsdóttir